

Mannefling: Umsögn um bókina Proskapjálfar á Íslandi

Þorvaldur Kristinsson. (2015). *Proskapjálfar á Íslandi: Saga stéttar í hálfra öld*. Reykjavík: Proskapjálfafélag Íslands. 272 bls.

Þetta er afar vönduð bók og umfjöllunarefnið nær langt út fyrir sögu þroskaþjálfastéttarinnar því að einnig er fjallað um þróun hugmyndafræði, menntunar, laga og stofnana sem sinna eiga þörfum fólks með þroskahömlun. Þótt búast megi við að saga starfsstéttar hafi afmarkaðan lesendahóp tekst höfundur þannig að skírskota til mun stærri hóps með því að fjalla allitarlega um kjör fólks með þroskahömlun á Íslandi á fimmtíu ára tímabili, 1965–2015.

Í upphafi lestrar staldrar maður við texta á baki bókarinnar:

Laust fyrir 1960 settust nokkrar stúlkur á skólabeck á Kópavogshæli til að búa sig undir „gæslu og umönnun vangefinna“ eins og það hét í þá daga. Þar hófst saga þroskaþjálfara sem síðan hafa starfað í þágu fatlaðs fólks á Íslandi, einkum fólks með þroskahömlun, og eiga sér fjölbreyttari starfsvettvang en flestar aðrar stéttir.

Efnisyfirlit gefur mynd af því hvernig höfundur hugsar byggingu verksins. Bókinni er skipt í fimm hluta og gengur tímaás í gegnum þá. Þeir fjalla um hugmyndafræði, menntun þroskaþjálfara, stofnanir, stéttarfélag og framtíðina. Inn í alla kaflana er síðan fléttað umfjöllun um lög og reglur, starfsskipulag, þróun starfshópsins og frásögn af einstaka starfsmönnum en undirliggjandi og allt um kring er sú þróun sem orðið hefur í hugmyndafræði og viðhorfum gagnvart fólki með þroskahömlun.

Í bókinni er umfjölluninni þannig haldið lífandi með því að vefa saman marga þætti samtímis; um leið og innsýn er veitt í hugmyndir einstaklinga með tilvitnunum og lýsingu á daglegum störfum eru alþjóðastraumum í hugmyndafræði gerð skil. Höfundur hefur aflað nákvæmra frumheimilda, jafnt ritaðra sem munnlegra, og hefur verið fundvís á sögur sem gefa mynd af atburðum sem og viðhorfum og samskiptum fólks.

Hann gefur afar góða innsýn í viðfangsefni bókarinnar, hvort sem um er að ræða þróun hugmyndafræði um aðbúnað og þátttöku fólks með þroskahömlun í samfélaginu, baráttu um kaup og kjör þroskaþjálfara, lög og reglugerðir í mótun eða starfið á Kópavogshæli. En sjónum er fyrst og fremst beint að hópnum sem starfað hefur sem þroskaþjálfar þau 50 ár sem bókinn spannar og innsýn veitt í baráttu fyrir bættri menntun þroskaþjálfara og umræðuna um sjálfsvitund, hlutverk og gildi stéttarinnar sem aldrei tekur enda.

Í ljós kemur að þótt yfir 1.100 manns hafi fengið menntun sem þroskaþjálfar hafa

aðeins rúmlega 710 verið í stéttarfélaginu á þessum árum. Það merkir að margir sem menntaðir voru sem þroskaþjálfar voru síðan duglegir að leita sér starfa annars staðar í þjóðfélaginu, líkt og kennarar en brottfall úr hópi þeirra sem menntast sem kennarar er svipað og hjá þroskaþjálfum (um 30%).

Þroskaþjálfar hafa haslað sér völl svo víða að segja má að þeir sinni nú þörfum fólks með hvaða fötlun sem er og sérhverra, barna, unglunga og fullorðinna, sem þarfnast stuðnings til sjálfsefningar hvar sem er í samfélaginu. Þar hafa þroskaþjálfar verið sterk forystusveit í samstarfi við samtök foreldra og velunnara. Fyrir þá sem starfa í skólakerfinu er samstarf þroskaþjálfra og foreldra skjólstaðinga þeirra raunar ánægjuleg fyrirmynd að góðu samstarfi heimila og skóla.

Bókin er 272 bls. með tabula gratulatoria í upphafi bókar, tilvísunum og heimildum, heimildalista sem skiptist í munnlegar heimildir, óbirtar heimildir og útgefnar heimildir; myndaskrá, nafnaskrá og síðan bókarauka þar sem eru stiklur í sögu þroskaþjálfra, listi yfir þroskaþjálfra sem lokið hafa námi á Íslandi, þá sem fengið hafa starfsleyfi hér en menntast erlendis og formenn þroskaþjálfafélags Íslands. Allt eru þetta góðar viðbætur og gera bókina gagnlegri til uppfléttingar í margs konar tilgangi.

Þegar maður handleikur bókina vekur það athygli hversu umbrotið er fallett og aðgengilegt (Guðjón Ingi Hauksson), hönnun á kápu skýr og aðlaðandi (Tómas Hjálmarsson), og mynd á kápu af þroskaþjálfum í kjarabaráttu með kröfuspjöld uppi (Mbl./Billi) segir mikla sögu. Eina athugasemd mín er við myndatextana. Víða er sagt af hverjum myndirnar eru en óvíða er getið um tilefni, stað eða tíma myndanna eða hver tók þær. Á einum stað (bls. 124) er rangt farið með nafn Ingibjargar Harðardóttur sem nefnd er Margrét í myndatexta.

Myndirnar eru flestar af þroskaþjálfum að störfum með skjólstaðingum sínum og þótt sumar séu uppstilltar eru margar einnig lifandi og eðlilegar og vel tengdar frásögninni í textanum. Þær eru þannig ýmist af þroskaþjálfum sem persónum eða af störfum þeirra. Auðsjáanlega hefur verið leitast við að fá myndir úr einkasöfnum en allar eru þær þó af viðunandi gæðum.

Texti bókarinnar er vandaður; hvergi er hnökra að finna og víða er orðalag sem situr í huganum að lestri loknum. Jafnframt tekst höfundu að sigla listilega fram hjá verstu hættunum í þeim óárennilega skerjagarði sem hugtakanotkun um fatlað fólk hefur ávallt verið.

Höfundu tekst vel að miðla þeirri væntumþykju sem oft verður til í nánnum samskiptum þroskaþjálfra og fólks með fötlun sem hann sinnir. En þetta er ekki bara sólar saga heldur er hér fjallað ítarlega umaráttu stéttarinnar fyrir tilveru sinni og innri átök um hlutverk og starfsheiti svo ogaráttu hennar fyrir bættum aðbúnaði skjólstaðinga sinna („Við ætluðum alltaf út af hælínu og að taka fólkið með okkur.“) og síðan um andstöðu sumra skjólstaðinga gegn forræðishyggju sem þeir skynjuðu hjá þroskaþjálfum.

Bókin skilur eftir þá tilfinningu að þroskaþjálfar séu langt frá því ónaðsynlegir, eins og ýmsir úr þeirra hópi og utan hafa haldið fram, þrátt fyrir lokun stofnana sem voru helsti starfsvettvangur þeirra lengi vel. Þetta er saga stéttar sem starfar af hugsjón að manneflingu en auk þess gegna þroskaþjálfar iðulega því hlutverki að þrýsta á um bættu félagslega stöðu fólks sem stendur höllum fæti í samfélaginu; á því verður eflaust full þörf enn um sinn.

UM HÖFUNDINN

Gretar L. Marinósson (gretarlm@hi.is) er prófessor emeritus við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann lauk sálfræðimenntun frá Victoria University of Manchester 1968 og meistaranámi með rannsókn á málþroska nemenda með þroskahömlun við Hester Adrian Research Center for the Study of Mental Handicap 1970 og síðan framhaldsnámi í skólasálfræði frá University of Manchester 1972. Kennsluréttindanámi lauk hann frá Háskóla Íslands 1986 og doktorsnámi við Institute of Education University of London 2002. Hann hefur kennt í grunnskólum hér á landi og í Englandi og starfaði sem skólasálfræðingur í báðum löndum. Hann var umsjónarmaður með menntun sérkennara við Kennaraháskóla Íslands í 17 ár. Meginrannsóknarsvið hans er sérkennsla og nám án aðgreiningar en einnig hefur hann sinnt rannsóknum á menntun nemenda með þroskahömlun, á samskiptum og hegðun í skólum og á samstarfi foreldra og skóla.